Til: eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is
Efni: Re: Fw: Reykjadalur, framlenging lokunar - ósk um umsögn
Upplýsingar: Sent: 16.04.2018 11:28:59 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018040002, Bréfalyklar: 42-0 Ums
almennt

---

Tilvísun í mál: 2018040002

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts og eftirlitsskýrslu sem honum fylgir um ástand gönguleiðar og náttúru svæðisins í Reykjadal. Beðist er velvirðingar á því að ekki tókst að svara erindinu fyrir helgi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir eftirlitsskýrsluna og gerir ekki athugasemd við að svæðinu verði lokað áfram.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 13.04.2018 10:37:00
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Reykjadalur, framlenging lokunar - ósk um umsögn

-----------------------------------------------------------

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 13.04.2018 10:36 -----

From: Eva B. Sólan Hannesdóttir <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>
To: "aldis@hveragerdi.is" <aldis@hveragerdi.is>, "gunnsteinn@olfus.is" <gunnsteinn@olfus.is>, "stjorn@samut.is" <stjorn@samut.is>, "tomas@hi.is" <tomas@hi.is>, "nattsud@nattsud.is" <nattsud@nattsud.is>, "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "saemundur@lbhi.is" <saemundur@lbhi.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "fi@fi.is" <fi@fi.is>, "utivist@utivist.is" <utivist@utivist.is>, "info@touristguide.is" <info@touristguide.is>, "natturuvernd@natturuvernd.is" <natturuvernd@natturuvernd.is>, "tourinfo@hveragerdi.is" <tourinfo@hveragerdi.is>, "saf@saf.is" <saf@saf.is>, "hverakaffi@gmail.com" <hverakaffi@gmail.com>, "dalakaff@gmail.com" <dalakaff@gmail.com>, "pif17@simnet.is" <pif17@simnet.is>, "tourinfo@hveragerdi.is" <tourinfo@hveragerdi.is>
Date: 12.04.2018 15:19
Subject: Reykjadalur, framlenging lokunar - ósk um umsögn

---

Góðan dag

Umhverfisstofnun lokaði göngustíg í Reykjadal í Ölfusi hinn 31. mars sl. Starfsmaður

Umhverfisstofnunar gerði úttekt á svæðinu í dag 12. apríl (sjá skýrslu vegna ástandsúttektar svæðisins í viðhengi).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umræddu svæði í Reykjadal í Ölfusi verði lokað áfram í 4 vikur. Ef svæðið verður í stakk búið til að taka á móti gestum án þess að hætta sé á frekari skemmdum, verður svæðið opnað fyrr. Ef loka á svæði lengur en tvær vikur þarf staðfestingu ráðherra samkvæmt 25. gr. a. laga um náttúrvernd nr. 60/2013, en þar segir m.a:
*Ef veruleg hætta er á tjóni af völdum mikillar umferðar eða vegna sérstaklega viðkvæms ástands náttúru getur Umhverfisstofnun ákveðið að takmarka umferð eða loka viðkomandi svæði tímabundið fyrir ferðamönnum að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarfélags eða landeiganda eða að eigin frumkvæði. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og fulltrúa ferðaþjónustu og útivistarfólks sem ætla má að hyggi á ferðir um svæðið. Ef um eignarland er að ræða skal ætíð haft samráð við eiganda lands eða rétthafa áður en ákvörðun er tekin. Takmörkunin eða lokunin skal að jafnaði ekki standa lengur en tvær vikur en ef nauðsyn krefur er heimilt að framlengja hana, að fenginni staðfestingu ráðherra“.*

**Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn varðandi framlengingu á umræddri lokun fyrir kl. 12:00, á morgun, föstudaginn 13. apríl 2018,** svo að lokunin geti tekið gildi laugardaginn 14. apríl nk.

Virðingafyllst,
Eva

**Bestu kveðjur, Best regards**
Eva B. Sólan Hannesdóttir
Lögfræðingur, Lawyer
Svið samþættingar, Department of Integration

UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: Http://www.ust.is

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: http://www.ust.is/disclaimer